



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Mars og apríl 2019

Komið þið sæl

Nú er vorönn að verða hálfnuð í skólanum og mars mættur á svæðið. Mikið starf hefur verið unnið á skólaárinu og nú er að taka síðasta áfangann með pompi og prakt. Veður hefur verið með hvassara móti og margar lægðir gengið yfir með tilheyrandi látum. Skólastarfið heldur áfram þrátt fyrir veðurfarið og einnig þrátt fyrir að þó nokkuð hafi verið um mannabreytingar innan starfsmannahópsins (sjá hér síðar).

Margt er á dagskránni nú er vorið nálgast og má þar nefna árshátíðina okkar. Undirbúningur er hafinn og verður afar gaman að sjá afraksturinn í aprílbyrjun.

Í mars verða samræmd próf í 9. bekk þreytt og einnig ætlum við að fara á skíði í Hlíðarfjall.

Stóra upplestrarkeppnin er 20. mars hjá 7. bekkjum og að sjálfsögðu tökum við þátt í henni.

Fyrir utan skemmtilegar uppákomur í skólalífinu heldur síðan hefðbundið nám nemenda áfram og við höldum áfram að efla læsi í viðum skilningi auk þess að keppast við að útvikka sjóndeildarhring nemenda.

Samvinna skóla og heimilis skiptir afar miklu máli og því er gott að eiga að góðan hóp forráðamanna sem eflir starfið í skólanum.

Minum á heimasíðuna okkar, Facebook-síðuna sem opnuð hefur verið aftur og að sjálfsögðu að forráðamenn eru alltaf velkomnir í skólann.

Þetta fréttabréf gildir fram að páskum en sent verður sérstakt bréf vegna árshátíðar.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi Lárusi

Veðurfar og fatnaður

Á þessum árstíma er veðurfar á Íslandi oft æði risjótt. Snjócoma, rigning, rok eða logn og sól. Allt eftir því hvernig lægðirnar hamast í kringum okkur. Við viljum biðja forráðamenn að huga vel að veðrinu og senda nemendur með þann fatnað sem þarf til að vera úti, bæði í frímínútum og hádegishléi auk útikennslunnar.

Það er afar gott að hafa auka sokka í töskunni og þegar blautt er að vera í stígvélum. Eins er lykilatriði að nemendur komi með húfur og vettlinga þegar frostið bítur kinn.

Við bendum einnig á að mikið er af óskilamunum í skólanum sem vert er að kíkja á við tækifæri.



1. mars 2019

7. tbl. 8. árg

Til umhugsunar:

- Nýtum sterku hliðarnar okkar
- Umhyggja skiptir máli
- Gleðjumst yfir góðum verkum

Efnisyfirlit:

Mars og apríl 2019	1
Veðurfar og fatnaður	1
Samræmd próf	2
Hlíðarfjall	2
Facebook	2
Stóra upplestrark.	2
Vetrarfrí	3
Helstu viðburðir	3
Árshátíð	4
Starfsmannamál	4
Myndir augnabliksins	4

Samræmd próf í 9. bekk

Nú líður að samræmdum prófum í 9. bekk en þau verða sem hér segir:

Mánudagur 11. mars 2019: *íslenska*

Þriðjudagur 12. mars 2019: *stærðfræði*

Miðvikudagur 13. mars 2019: *enska*

Glerárskóli í Hlíðarfjall

Hin árlega ferð Glerárskóla í Hlíðarfjall verður farin **fimmtudaginn 14. mars 2019**. Ef sá dagur gengur ekki upp vegna veðurs verður farið daginn eftir, föstudaginn 15. mars 2019.

Þeir sem eiga ekki búnað geta fengið hann að láni í Hlíðarfjalli en ekki verður hægt að lána nemendum í 1.—4. bekk.

Mætingar í og úr skóla eru eftirfarandi:

1.—4. bekkur: Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka milli 11:30 og 12:00 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:00—12:30.

5.—7. bekkur: Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka milli 12:00 og 12:30 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:30—13:00

8.—10. bekkur: Mæting í skóla kl. 8:30. Komið til baka milli 12:15 og 12:45 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:45—13:15.

Við minnum einnig á að nemendur verða að koma klæddir eftir veðri og til útiveru allan morguninn.

Nánari upplýsingar koma á sér blaði mánudaginn 4. mars n.k.

Glerárskóli á Facebook á ný

Nú er búið að opna Facebook síðu Glerárskóla og þar eru nú þegar komnar inn skemmtilegar fréttir.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Stóra upplestrarkeppnin innan Glerárskóla var haldin miðvikudaginn 27. febrúar s.l. Þann dag voru valdir fulltrúar skólans, tveir aðalmenn og einn varamaður, sem munu taka þátt í aðalkeppninni en hún verður haldinn þann 20. mars n.k. í Kvosinni í MA kl. 17:00.

Úrslit urðu þessi:

Aðalmenn: Sigrún Karen Yeo 7-GPB og Ingimundur Einarsson 7-GS

Varamaður: Sigrún Dalrós Eiríksdóttir 7-GPB

Við óskum þeim bæði til hamingju og góðs gengis fyrir skólans hönd í aðalkeppninni.

„Auðkenni sannrar vísku er að finnast lítið til um vísku sína.“

Þórarinn Björnsson

Vetrarfrí í Glerárskóla

Miðvikudaginn 6. mars 2019, á sjálfan öskudaginn, hefst vetrarfrí kennara og nemenda í grunnskólum Akureyrar. Þann dag er frístund í Glerárskóla lokuð. Vetrarfríið heldur síðan áfram dagana 7. og 8. mars 2019 en þá daga er frístund opin frá kl. 13:00—16:15.

Skóli hefst aftur samkvæmt stundaskrá mánudaginn 11. mars 2019.

„Peningar eru nytsamlegir, en kærleikurinn, athyglín og umhyggjan sem við berum fyrir öðrum er það sem mestu skíptir.“

Móðir Teresa

Helstu viðburðir í mars og apríl 2019

Miðvikudagur 6. mars:	Vetrarfrí kenn/nem—Öskudagur—Frístund lokuð
Fimmtudagur 7. mars:	Vetrarfrí kenn/nem—Frístund opin frá kl. 13:00
Föstudagur 8. mars:	Vetrarfrí kenn/nem—Frístund opin frá kl. 13.00
Mán. 11.—miðv. 13. mars:	Samræmd próf í 9. bekk
Þriðjudagur 12. mars:	7. bekkur—Hinsegin fræðsla
Miðvikudagur 13. mars:	Börn frá Koti heimsækja 1. bekk
Fimmtudagur 14. mars:	Hlíðarfjall—allir
Miðvikudagur 20. mars:	Börn frá Laut heimsækja 1. bekk. Leiksýning um kvíða fyrir 9. og 10. bekk í Hofi Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk—Kvosin MA kl. 17:00
10.—11. apríl 2019:	Árshátíð Glerárskóla
13.—22. apríl 2019:	Páskafrí nemenda

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is

Facebook: Glerárskóli



Árshátíð Glerárskóla

Víkuna 8.—12. apríl n.k. verður mikið líf og fjör í Glerárskóla en þetta er árshátíðarvikan okkar. Árshátíð Glerárskóla er þekkt fyrir glæsileik og nú sem endranær verður mikið lagt undir svo árshátíðin takist sem best.

Nemendur í 9. bekk eru nú þegar byrjaðir að æfa leikritið og strax er farið að huga að undibúningi annarra bekkja. Sýningar eru árshátíðardagana 10. og 11. apríl en síðdegis og að kvöldi 11. apríl eru árshátíðarböll nemenda.

Allt skipulag við árshátíðina er þraulaft og margar hendur leggja hönd á plóginn. Glerárskóli er eini skólinn á Akureyri sem ekki á sinn hátíðarsal og því þarf að leggja mikið undir til að breyta íþróttasalnum í veglegan hátíðarsal fyrir árshátíð. Starfsfólk og nemendur vinna því hörðum höndum að því að gera árshátíðina að þeim glæsilega atburði sem hún er í skólanum okkar.

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Starfsmannamál

Þó nokkuð hefur verið um breytingar í starfsmannahópnum undanfarnar vikur. Má þar nefna að G. Sigríður Víkingsdóttir og Hólmfríður Guðnadóttir eru báðar forfallaðar. Nokkrir kennarar innan skólans skipta með sér kennslu G. Sigríðar auk þess sem Valbjörg Fjólmundsdóttir hefur bæst í hópinn í kennslu hennar. Helga Svava Arnarsdóttir hefur tekið við umsjónarkennslu í 4. HG og Hrefna Dagbjartsdóttir í 8. SV.

Sandra Ragnarsdóttir námsráðgjafi hefur hætt störfum en Rakel Káradóttir kemur til baka í starfið í byrjun apríl. Nýir stuðningsfulltrúar hafa hafið störf við skólann, Katla Marín Þormarsdóttir og Bára Hensley auk þess sem við höfum fengið til liðs við okkur Ágústu Stefánsdóttur í forföll fyrir skólaliða og Tómas Arnarson í forföll fyrir stuðningsfulltrúa.

Myndir augnabliksins!

Söngsalur—
Glerárskólasöngurinn sunginn



Grænfáninn afhentur í 6. skiptir

